

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**5. mars 2024**

## **Tillaga borgarfulltrúa Flokks Fólksins um stofnun starfshóps um biðlista eftir skólaþjónustu í Reykjavík**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna starfshóp sem fengi m.a. þau verkefni að rýna biðlista barna og ungmenna eftir skólaþjónustu til að meta hvort framsetning listans og skráning erinda/tilvísana sé með þeim hætti að hann gefi raunsanna mynd af stöðu mála. Í því felst að skoða hvað mörg börn á biðlistanum hafa fengið þjónustu eða hluta af þjónustu. Einnig hvaða þjónustu var óskað eftir samkvæmt tilvísun/beiðni og meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar til að gera hana skilvirkari. Markmið hópsins er að ná biðtíma barna eftir þjónustu undir 90 daga.

### **Greinargerð**

Við í Flokki fólksins höfum lengi haft áhyggjur af biðlista barna og ungmenna eftir skólaþjónustu. Við upphaf þessa kjörtímabils lagði Flokkur fólksins fram tillögu um að fá að skipa svokallaðan spretthóp til að rýna biðlista barna með það að markmiði að fá hugmynd um stöðu þeirra barna sem á honum eru og finna leiðir til að stytta biðtíma barna eftir fagþjónustu.

Fulltrúi Flokks fólksins í velferðarráði lagði til að starfsfólki BUGL yrði boðið á sameiginlegan fund velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs til að kynna niðurstöður átaks við að stytta biðlista eftir göngudeildarþjónustu. Átakið skilaði góðum árangri. Borgarfulltrúi Flokks fólksins telur að Reykjavíkurborg geti farið í sömu vegferð til að stytta biðtíma barna eftir þjónustu.

Á biðlista eru nú 2.086 börn sem bíða eftir fyrstu og/eða frekari þjónustu. Bak við hvert barn er tilvísun, undirrituð af skóla og foreldrum. Meirihluti barnanna bíður eftir skimun/greiningum á vitsmuna-, tilfinninga- og/eða félagslegum vanda sínum sem skólinn og foreldrar telja nauðsynlegt að greina til að hægt sé að veita börnunum sérhæfða þjónustu út frá einstaklingsþörfum. Það skiptir sköpum í lífi þessara barna og fjölskyldna þeirra að börnin fái þessa faglegu þjónustu hið fyrsta til að þau geti notið styrkleika sinna.